

# Upplýsingar um greiðsluskilmála og almenna skilmála

Gildir frá 14. júlí 2016.

**Almennir skilmálar og greiðsluskilmálar sem hér eru birtir hafa verið settar saman af Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR).  
Upplýsingarnar eiga við um hjólréiðaviðburðinn Tour of Reykjavík 2016.**

## I. ALMENNIR SKILMÁLAR

1. Þessir skilmálar gilda á milli þátttakanda og ÍBR. Skráning í hjólréiðaviðburð á vegum ÍBR felur í sér samþykki þátttakanda við því að hlíta skilmálunum.
2. ÍBR ber ekki ábyrgð á heilsu þátttakanda í viðburðum á vegum þess hvorki á meðan viðburði stendur né í tengslum við þau. Þá ábyrgist ÍBR eða starfsmenn þess og samstarfsaðilar ekki tjón, hvorki líkamlegt, andlegt né fjárhagslegt, sem þátttakendur verða fyrir vegna þátttöku.
3. ÍBR er heimilt að endurskoða eða breyta skilmálum þessum vegna ófyrirsjáanlegra ástæðna, s.s. náttúruhamfara eða veðurs. Verði breytingar á skilmálum verða þær tilkynntar til þátttakanda með tölvupósti.
4. Sá aðili sem skráir fleiri en sjálfan sig í viðburðinn samþykkir að vera ábyrgur fyrir að kynna skilmála viðburðarins fyrir þeim sem hann skráir. Ef þau hin sömu eru ekki tilbúin til að samþykkja skilmálana verður skrifleg athugasemd að berast ÍBR innan tveggja sólarhringa frá skráningu en eigi síðar en á miðnætti daginn fyrir viðburð.
5. Sá sem skráir sjálfan sig og aðra í viðburðinn samþykkir að veita ÍBR heimild til að nota skráningarupplýsingar, með þeim fyrirvara að skráning eða notkun upplýsinganna sé eðlilegur þáttur í starfsemi ÍBR. Hér er átt við birtingu úrslita, almennar póstsendingar, sendingu upplýsinga með tölvupósti og upplýsingar á heimasíðu viðburðarins.
6. Persónuupplýsingar sem þátttakendur gefa upp verða meðhöndlaðar af fullum trúnaði og ekki miðlað til þriðja aðila nema netfangalista til opinbers ljósmyndara viðburðarins. Allar myndir sem teknar eru af opinberum ljósmyndurum viðburðarins af þátttakendum í viðburðinum þess áskilur ÍBR sér rétt til að nota í markaðs- og kynningarefni auk þess sem þær verða birtar á vef opinbers ljósmyndara.
7. ÍBR sendir þátttakendum fáeina tölvupósta með ýmsum mikilvægum tilkynningum eins og t.d. upplýsingum um viðkomandi viðburður, dagskrá og skráningarhátíð. Einnig eru sendir tölvupóstar sem tengjast öðrum viðburðum á vegum ÍBR. Alltaf gefst kostur á að afskrá sig af póstlista en þá missa þátttakendur af mikilvægum upplýsingum.
8. Sá sem skráir sjálfan sig og aðra í viðburðinn samþykkir að fylgja reglum sem finna má á heimasíðu viðburðarins.
9. Vörumerki, merki fyrirtækja og viðskiptaheiti sem birt eru á vefsíðu ÍBR njóta verndar á Íslandi og á alþjóðlegum vettvangi. Hvers kyns notkun þeirra er óheimil nema að fenginni skriflegri heimild frá ÍBR.
10. ÍBR ber ekki ábyrgð á efni neinna vefsíðna sem tengdar eru vefsíðu ÍBR sem ekki er haldið úti af ÍBR. Opinber heimasíða viðburðarins er <http://www.tourofreykjavik.is>
11. Varnarþing: Reykjavík

## II. GREIÐSLUSKILMÁLAR

12. Í skráningarferli ÍBR birtist verð viðburðarins í íslenskum krónum.
13. Heildarfjárhæð þáttökugjalds sem gefin er upp er endanlegt verð fyrir valda vegalengd. Enginn virðisaukaskattur er lagður á þá fjárhæð.
14. Þáttökugjöld eru ekki endurgreidd en hægt er að gera nafnabreytingu á skráningu á meðan rafræn skráning er opin. Ekki er hægt að geyma þáttökugjöld viðburða fram á næsta ár.
15. Ef viðburðurinn fer ekki fram vegna ófyrirsjáanlegra atburða, svo sem náttúruhamfara, veðurs o.s.frv., munu greidd þáttökugjöld í viðburðinn ekki verða endurgreidd.
16. Ekki er hægt að skrá einstakling í viðburðinn nema að greiða þáttökugjald.

Ef eitthvað í texta þykir óljóst eða orka tvímælis er velkomið að senda athugasemdir eða fyrirspurnir bréflaga til ÍBR, Engjavegi 6, 104 Reykjavík eða með tölvupósti á netfangið [ibr@ibr.is](mailto:ibr@ibr.is).